

Samningur
mennta- og menningarmálaráðuneytis (ráðuneytið)
og
Ríkisútvarpsins ohf.
um útvarpsþjónustu í almannapágu

Samningur þessi er gerður á grundvelli 3. mgr. 3. gr. laga nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið.

1. gr.

Útvarpsþjónusta í almannapágu

Ríkisútvarpið gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi með því að annast útvarpsþjónustu í almannapágu.


Útvarpsþjónusta í almannapágu hefur þann tilgang að uppfylla lýðræðislegar, menningarlegar og samfélagslegar þarfir í þjóðfélaginu með miðlun texta, hljóðs og mynda.

Útvarpsþjónusta í almannapágu beinist að eftirfarandi þáttum:

- Að veita öllum landsmönnum, óháð búsetu, efnahag, aldri, kyni og félagslegri stöðu, aðgang að fjölbreyttu efni með mismunandi tæknilegum aðferðum.
- Að vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða og miðla upplýsingum um mikilvæg málefni líðandi stundar og þannig auðvelda fólki að taka virkan þátt í lýðræðislegri umræðu.
- Að veita víðtæka, áreiðanlega og hlutlæga fréttapjónustu og fjalla um samfélagsleg málefni af innlendum og erlendum vettvangi.
- Að kynna og túlka margbreytileika mannlífs, lífsviðhorfa og lífsskilyrða í landinu.
- Að leggja rækt við íslenska tungu.
- Að kynna sögu þjóðarinnar, menningararfleifð og náttúru.
- Að stuðla að fjölbreytni í listsköpun og menningarlífi og kynna erlenda strauma.
- Að miðla vönduðu og fjölbreyttu efni, þ.m.t. afþreyingarefni við hæfi fólks á öllum aldri sem og fræðslu-, íþróttá- og lista- og menningarefni.

Helsta sérstaða Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps er að veita öllum landsmönnum og lögaðilum almannapjónustu með því að:

- Þjóna lýðræðislegu, menningarlegu og félagslegu hlutverki í págu almannahagsmuna sem hafa grundvallarþýðingu til að tryggja lýðræði, félagslega samheldni og menningarlega fjölbreytni.
- Vera samnefarnir þjóðarinnar sem nýtur trausts almennings.
- Eiga í gagnvirkum samskiptum við einstaklinga og stofnanir samfélagsins um mótun og framkvæmd þjónustunnar.
- Leggja áherslu á gagnsæi við ákvarðanatöku.
- Halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana og gæta fyllstu óhlutdrægni í framsetningu, frásögn, túlkun og dagskrárgerð.


1

- Vera ritstjórnarlega óháð einstaklingum eða hópum sem af pólitískum, hugmyndafræðilegum, efnahagslegum eða öðrum ástæðum vilja hafa áhrif á umfjöllunarefnið.
- Vera til fyrirmyndar um gæði og fagleg vinnubrögð, sér í lagi við umfjöllun um viðkvæm samfélagsmál.
- Nýta nýjungar við miðlun efnis sem höfðar til ungs fólks.
- Halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu á sviði útvarps.

Nánar er kveðið á um hlutverk og markmið Ríkisútvarpsins í 3. gr. laga um Ríkisútvarpið og í samningi þessum.

2. gr.

Umfang almannaþjónustu

Ríkisútvarpið veitir útvarpsþjónustu í almannaþágu með því að senda út dagskrá hljóðvarps og sjónvarps til alls landsins og næstu miða árið um kring. Skulu landsmenn og lögaðilar hafa aðgang að dagskrá og efni í sjónvarpi, að lágmarki í einni sjónvarpsrás, hljóðvarpi, að lágmarki tveimur hljóðvarpsrásum, á vefsvæði og eftir öðrum leiðum sem Ríkisútvarpið notar við miðlun á almannaþjónustuefni sínu.

Enn fremur skal Ríkisútvarpið birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru þjónustuefni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkinu á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kys.

3. gr.

Stefna og markmið

Ríkisútvarpið skal hafa að leiðarljósi að reka metnaðarfulla útvarpsþjónustu í almannaþágu.

3.1 Meginstefna

Ríkisútvarpið markar sér meginstefnu með framtíðarsýn til nokkurra ára í senn sem tekur til starfsemi félagsins, bæði vegna almannaþjónustuhlutverksins og þess sem það gerir að auki. Stefnan taki m.a. mið af þörf landsmanna fyrir útvarpsþjónustu, þjónustu annarra miðla, lagaumhverfi, viðeigandi Evrópureglum og samningi þessum. Mótun og endurskoðun stefnu og sýnar fer fram með þátttöku margra, m.a. á útvarpsþingi, þar sem leitast er við að finna leiðir til að koma til móts við þarfir og væntingar mismunandi aldurs- og þjóðfélagshópa um þjónustu almannaútvarps. Áður en stefnan er birt opinberlega skulu drög að henni kynnt mennta- og menningarmálaráðuneytinu með tilliti til laga og samnings þessa.

3.2 Jafnréttisstefna

Ríkisútvarpið vinnur markvisst að því að jafna stöðu kynjanna, jafnt innan stofnunarinnar sem í dagskrá.

24 SK  2

Ríkisútvarpið setur sér jafnréttisáætlun og samþættir jafnréttissjónarmið í starfssemi sinni. Jafnréttisáætlun skal endurskoða á þriggja ára fresti. Ríkisútvarpið birtir á vef sínum afrit af jafnréttisáætlun sinni ásamt framkvæmdaáætlun þegar hún liggur fyrir.

3.3 Dagskrárstefna

Ríkisútvarpið setur sér dagskrárstefnu er taki til allra sviða miðlunar. Í henni koma fram áherslur í dagskrá og þjónustu við notendur. Stefnan byggist á lögum um Ríkisútvarpið, samningi þessum, sérstaklega hlutverki Ríkisútvarpsins sem útvarps í almannabágu, sbr. 1. gr., og meginstefnu Ríkisútvarpsins, sbr. gr. 3.1.

Dagskrárstefnan er í stöðugri endurskoðun í breiðum hópi, meðal annars með aðkomu dagskrárgerðarfólks og á árlegu opnu útvarpsþingi, þar sem t.d. er rætt um starfsemi Ríkisútvarpsins, hlutverk útvarps í almannabágu og um hugmyndafræði þess. Komi fram tillögur að stefnubreytingu skulu þær ræddar í dagskráráði útvarps eða sjónvarps eftir því sem við á áður en stefnan er sett. Dagskráráð skal a.m.k. einu sinni á ári fjalla um dagskrárstefnuna og hvort gera eigi breytingar á henni. Kynna skal dagskrárstefnuna þegar hún liggur fyrir, meðal annars með birtingu á vef Ríkisútvarpsins.

Jafnan þarf að vera hægt að útskýra á einfaldan hátt hvernig dagskráin og ólíkar miðlunarleiðir endurspeglar samninginn.


3.4 Fréttir og tengt dagskrárefni

Ríkisútvarpið flytur og birtir fréttir í miðlum sínum nokkrum sinnum á dag alla daga ársins. Einnig miðlar það efni tengdu fréttum af innlendum og erlendum vettvangi svo og fréttaskýringum sem það telur eiga erindi við almenning.

Ríkisútvarpið skal hafa reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra starfsmanna sem sinna fréttum og fréttatengdu efni. Þær skulu samdar að höfðu samráði við fulltrúa fréttamanna og dagskrárgerðarfólks hjá Ríkisútvarpinu. Auk þess taka þær til annars dagskrárefnis sem unnið er hjá félaginu. Þær skulu taka mið af ákvæðum 1. gr. samnings þessa eftir því sem við á og stuðla að vönduðum vinnubrögðum og framsetningu efnis. Jafnframt komi þar fram hvernig eftirliti með framkvæmd reglnanna er háttað og hvernig brugðist er við frávikum.

Reglur þessar skulu birtar á vef Ríkisútvarpsins og byggjast á eftirtöldum grundvallarreglum:

- Sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.
- Leitað sé upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og leitast verði við að kynna sjónarmið þeirra samtímis og sem jafnast.
- Lýðræðislegar grundvallarreglur, mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana verði haldið í heiðri.
- Jafnræðis milli kynja sé gætt í fréttumfjöllun, almennu dagskrárefni og í umfjöllun um íþróttir og íþróttaviðburði eftir því sem kostur er.
- Vandað sé til umfjöllunar um samfélagsmál og málefni einstaklinga.

Handwritten signature and initials, possibly 'KJ SK' followed by a stylized signature and the letter 'B'.

- Þeir sem telja sig hafa beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í Ríkisútvarpinu eigi rétt á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við fyrsta tækifæri.

Ríkisútvarpið kynnir framboð til almennra kosninga, helstu stefnumál allra framboða og niðurstöðu kosninga, sbr. skilgreiningu á útvarpi í almannabágu í 1. gr.

Ríkisútvarpið leitast við að sinna þörfum íbúa frá öðrum löndum fyrir fréttir og upplýsingar á erlendum málum um íslensk málefni.

Ríkisútvarpið sendir út fréttir á táknmáli alla daga ársins.

Þá skal Ríkisútvarpið, eftir því sem við verður komið, sinna táknmálstúlkun fyrir heyrnarlausu og heyrnarskerta í tengslum við viðburði er varða allan almenning og kalla á aukafréttatíma, svo sem blaða- og fréttamannafundi í beinni útsendingu, útsendingar vegna hamfara, stórra þingviðburða og annars er kallar á rof á áður auglýstri dagskrá.

3.5 Íslenskt mál

Ríkisútvarpið leggur rækt við íslenska tungu og reynir til hins ýtrasta að miðla íslensku máli lýtalaust. Liður í því er að starfsfólk Ríkisútvarpsins hafi aðgang að málfarsráðgjöf. Málstefna Ríkisútvarpsins skal vera í stöðugri endurskoðun og í henni skulu einnig sett fram viðmið um mismunandi málsnið eftir tegundum dagskrárefnis.

3.6 Dagskrárefni

Ríkisútvarpið leggur áherslu á íslenskt efni og að vera vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð. Ríkisútvarpið skal styrkja og efla sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildarmyndagerð með því að kaupa og sýna efni frá sjálfstæðum framleiðendum eða vera meðframleiðandi.

Ríkisútvarpið skal halda úti dagskrá í hljóðvarpi með unnu dagskrárefni. Með unnu dagskrárefni er átt við dagskrárliði, sem dagskrárgerðarmenn hafa gert sérstaklega fyrir Ríkisútvarpið og krefjast meiri undirbúningsvinnu en að velja tónlist til flutnings.


Ríkisútvarpið fjallar um, útvarpar og sýnir frá menningarviðburðum bæði innanlands og erlendis og hefur samstarf við aðrar menningarstofnanir hér á landi.

Ríkisútvarpið skal segja fréttir af, útvarpa og sýna frá íþróttaviðburðum bæði innanlands og erlendis. Í umfjöllun skal fjölbreytni höfð að leiðarljósi og jafnræðis gætt milli íþróttagreina eins og kostur er.

3.7 Börn og ungmenni

Ríkisútvarpið skal gæta þess sérstaklega að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi sem sjónvarpi.

Ríkisútvarpið sendir á hverjum degi út vandað skemmti- og fræðsluefni fyrir börn og unglinga. Leggja skal áherslu á íslenskt barnaefni og talsetja skal erlent barnaefni fyrir yngsta aldurshópinn í sjónvarpi.

19 GK 

Ríkisútvarpið skal leitast við að taka tillit til hagsmuna barna áður en teknar eru ákvarðanir um birtingu viðskiptaorðsendinga.

3.8 Erlent efni

Af erlendu efni skal Ríkisútvarpið leggja áherslu á sjónvarpsefni á Norðurlandamálum en einnig kynna og sýna þætti og kvikmyndir frá öðrum ríkjum Evrópu, svo og kvikmyndir frá öðrum heimshlutum sem lítið hafa verið kynntar hér á landi.

3.9 Menningararfur

Ríkisútvarpið skal sjá til þess að frumflutt íslenskt dagskrárefni í þess eigu verði varðveitt til frambúðar með endurnotkun í huga og gert aðgengilegt almenningi.

Ríkisútvarpið skal auk þess varðveita myndir, hljóð og texta sem ætla má að hafi menningarsögulegt gildi auk efnis sem dæmigert er fyrir efnisframléiðslu Ríkisútvarpsins á hverjum tíma og heyrir ekki sérstaklega undir lög um skylduskil til safna, nr. 20/2002.

Ríkisútvarpið gerir ráðstafanir til að hljóðrit og myndir ásamt handritum séu aðgengileg almenningi eftir því sem við á og heimilt er, hvort heldur gegn gjaldi eða endurgjaldslaust.

Ríkisútvarpið skal varðveita sögulegar minjar, svo sem búninga, leiktjöld, útsendingartæki o.fl., sem ætla má að hafi menningarsögulegt gildi.

Ríkisútvarpinu er óheimilt að selja frá sér eða farga verðmætum sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og varðveitt eru hjá félaginu en er heimilt að bjóða þau viðurkenndum söfnum að varðveislu.

3.10 Ólíkir notendahópar

Ríkisútvarpið skal veita heyrnarskertum aðgang að útvarpsþjónustu í almannabágu með því að nýta tæknimöguleika, svo sem með textun á sjónvarpsefni í textavarpinu og á vefsvæði sínu ef því verður við komið. Sé þess kostur skal öll forunnin innlend dagskrá textuð og sama gildir um undirbúin innlend innslög í aðalfréttatíma Sjónvarps. Innlendir þættir sem ekki næst að texta fyrir frumsýningu skulu textaðir fyrir endursýningu. Frétta- og dægurmálaþættir skulu textaðir fyrir endursýningu. Einnig skal táknmálstúlkun fylgja helstu sjónvarpsmæðum í aðdraganda kosninga.

Ríkisútvarpið fjallar um fjölþjóðlegt samfélag á Íslandi og miðlar efni sem höfðar til ólíkra hópa samfélagsins. Efnið skal endurspegla margbreytileika menningar á Íslandi, lífsviðhorf og lífsskilyrði fólks í öllum landshlutum.

3.11 Útvarpsþjónusta í almannabágu á veraldarvefnum og textavarp

Ríkisútvarpið skal miðla m.a. fréttum, fræðsluefni, dagskrá og upplýsingum um einstaka dagskrárliði á vefsvæði sínu eftir því sem réttindi leyfa. Á vefsvæði Ríkisútvarpsins skulu notendur ávallt hafa eins greiðan aðgang að efni og kostur er.

Handwritten signature and initials in black ink, appearing to be 'Ry SK' followed by a stylized signature.

Í textavarpri skal miðla m.a. fréttum, textun á efni og upplýsingum um dagskrá og einstaka dagskrárliði.

3.12 Öryggisþjónusta

Ríkisútvarpinu er skylt að koma á framfæri tilkynningum frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsevitum og gera hlé á auglýstri dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst.

Ríkisútvarpið reynir til hins ýtrasta að tryggja samfellu í útsendingum.

4. gr. Fjármál

Til þess að standa straum af kostnaði notar Ríkisútvarpið tekjur samkvæmt 11. gr. laga um Ríkisútvarpið ohf.

Töluleg markmið samningsins sem koma fram í fylgiskjali III eru endurskoðuð árlega út frá meginstefnu og dagskrárstefnu, sbr. 3. gr. að teknu tilliti til tekna á komandi reikningsársári.


Greiðslur til Ríkisútvarpsins skulu berast í jöfnum hlutum mánaðarlega fyrirfram, 1. dag hvers mánaðar.

Ríkisútvarpinu er óheimilt að verja tekjum frá ríkissjóði til annars en að veita útvarpsþjónustu í almannapágu. Reynist tekjur frá ríkinu umfram útgjöld vegna útvarpsþjónustu í almannapágu, á fimm ára tímabili, þannig að eiginfjárlutfall félagsins sé komið upp fyrir 35% skal Ríkisútvarpið greiða til baka fjárhæð sem nemur mismun á framlagi ríkissjóðs og útgjöldum vegna útvarpsþjónustu í almannapágu eða mismun á eigin fé og því sem væri ef eigið fé væri 35%. Skal lægri fjárhæðin af þessum tveimur greidd og skal greiðslan fara fram í jöfnum hlutum á fjórum mánuðum frá lokum uppgjörs reikningsárs. Ríkisútvarpinu er heimilt miðað við 5 ára viðmiðunartímabil að halda eftir allt að 10% af tekjum úr ríkissjóði sem fer umfram þann kostnað sem félagið hefur af því að veita útvarpsþjónustu í almannapágu. Þessi regla á ekki við um framlög úr ríkissjóði sem ætluð eru til sérstakra fjárfestinga svo unnt sé að uppfylla almannapjónustuhlutverkið í samræmi við leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA.

Ríkisútvarpið er ekki heimilt að nota tekjur skv. 1. tölulið 11. gr. til niðurgreiðslu á framleiðslu og/eða markaðssetningar á efni sem fellur undir 2. mgr. 4. gr. laganna og ætlað er til sölu.

Við öflun eigin tekna skal Ríkisútvarpið gæta jafnræðis gagnvart viðskiptamönnum félagsins. Við öflun teknanna skal Ríkisútvarpið ætíð byggja á málefnalegum sjónarmiðum og starfa í samræmi við heilbrigða viðskiptahætti. Gjaldskrá sem stjórn Ríkisútvarpsins setur vegna útvarpsþjónustu í almannapágu skal taka mið af raunkostnaði við þjónustuna, þar með töldum höfundarréttargreiðslum.

Ríkisútvarpið skal halda kostnaðar- og verkbókhald yfir aðföng, framleiðslu og útsendingu dagskrárliða og hagnýtingu annars efnis sem miðlað er til almennings. Starfsemi skv. 2 mgr. 4. gr. laga um Ríkisútvarpið ohf. telst vera hluti af annarri starfsemi skv. 1. mgr. sömu greinar og um þá starfsemi gilda ákvæði 5. gr. laganna.

 6

Ríkisútvarpið skal hafa vinnureglur um skiptingu á föstum og sameiginlegum kostnaði á einstök verkefni.

Fjárhagsleg tengsl við dótturfyrirtæki sem starfa á markaði skulu fara fram á markaðslegum forsendum.

5. gr. Upplýsingagjöf og eftirlit

5.1 Innra eftirlit Ríkisútvarpsins og gæðæftirlit

Ríkisútvarpið setur sér reglur um mikilvæga þætti í starfseminni þar sem gerðar eru kröfur um árangur. Á grundvelli niðurstöðu árangursmælinga eru umbætur innleiddar en með þessu er stuðlað að betri rekstri og framkvæmd samnings þessa tryggð.

Ríkisútvarpið skal hafa reglur um móttöku erinda sem lúta að útvarpsþjónustu í almannabágu, hvernig afgreiðslu slíkra erinda skuli háttað og tilgreina tímamörk. Almennt orðuð svör við algengum erindum skulu birt á vef Ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarpið leitast við að kanna með reglubundnum hætti viðhorf almennings til dagskrárefnis og efnistaka til að fá sem fjölbreyttust sjónarmið um mótun dagskrár.

5.2 Áætlun, sex mánaða uppgjör, ársreikningur og ársskýrsla


Jafnskjótt og stjórn Ríkisútvarpsins hefur samþykkt rekstraráætlun fyrir komandi reikningsár skal áætlunin send ráðuneytinu ásamt skýringum. Með áætluninni skal fylgja tillaga um töluleg markmið sem lögð eru til grundvallar í fylgiskjali III og eru endurskoðuð árlega út frá meginstefnu og dagskrárstefnu, sbr. 3. gr. að teknu tilliti til tekna á reikningsársárinu. Kynna skal ráðuneytinu breytingar á áætluninni séu þær gerðar á reikningsárinu og áhrif þeirra á töluleg markmið.

Ríkisútvarpið skal árlega, jafnskjótt og ársuppgjör síðastliðins reikningsárs liggur fyrir, afhenda ráðuneytinu endurskoðaðan ársreikning sem einnig skal vera aðgengilegur á vef fyrirtækisins.

Fyrir aðalfund gengur Ríkisútvarpið frá ársskýrslu og skal ráðuneytinu send eintak af henni jafnskjótt og hún er tilbúin.

Meðal þess sem birta og fjalla skal um í ársskýrslu er:

1. Ársreikningur félagsins ásamt skýrslu endurskoðenda þar sem gerð er grein fyrir tekjum Ríkisútvarpsins að frádrögnum kostnaði, annars vegar af útvarpsþjónustu í almannabágu og hins vegar af þeim hluta starfseminnar sem telst vera í samkeppnisrekstri. Einnig skal í skýrslu endurskoðenda gerð nánari grein fyrir sundurliðun útgjalda einstakra liða sbr. fylgiskjal III.
2. Greinargerð um það hvernig stefnu og markmiðum Ríkisútvarpsins, sbr. 3. gr. samningsins, var fylgt eftir á síðastliðnu reikningsári og hvaða breytingar eru fyrirhugaðar. Sérstaklega skal fjalla um hvernig Ríkisútvarpið stendur að


7

útvarpsþjónustu í almannapágu, sbr 1. gr., þar með talið framkvæmd dagskrár- og fréttastefnu og um ritstjórnarstefnu.

3. Hvernig stjórn Ríkisútvarpsins hefur eftirlit með framkvæmd samningsins þessa.
4. Greinargerð um viðhorf almennings eins og þau koma fram, m.a. í könnunum sem Ríkisútvarpið lætur framkvæma og ábendingum.
5. Tölulegar upplýsingar, flokkunarreglur og viðeigandi skýringar um hvernig Ríkisútvarpið hefur sinnt útvarpsþjónustu í almannapágu á liðnu reikningsári í samanburði við markmið ársins, m.a. samkvæmt samningi þessum, og tölur fyrri ára. Gera skal grein fyrir áætluðum skekkjumörkum en með hliðsjón af eðli starfsemi Ríkisútvarpsins er eðlilegt að skekkjumörk á viðmiðunartölum sé allt að 15%.
6. Fyrir lok maí ár hvert en þó eigi síðar en ársreikningurinn er birtur opinberlega skal Ríkisútvarpið senda ráðuneytinu árschlutareikning og samanburð við rekstraáætlun ásamt skýringum og greinargerð um frávik og áhrif á framkvæmd samnings þessa.

5.3 Eftirlit ytri aðila

Ríkisútvarpið skal lúta eftirliti Ríkisendurskoðanda og veita honum allar nauðsynlegar upplýsingar til að sannreyna megi hvernig Ríkisútvarpsins uppfyllir skyldur sínar samkvæmt leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um útvarpsþjónustu í almannapágu. Sjá fylgiskjal I.

Ríkisútvarpsins skal láta Ríkisendurskoðanda í té upplýsingar til að sannreyna megi gagnsæi og hlutlæga kostnaðargreiningu á almannapjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins, byggða á ársreikningi næstliðins árs, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfsemi Ríkisútvarpsins sem fellur undir samkeppnisrekstur.

Ríkisútvarpið skal á hverjum tíma, eftir því sem Samkeppniseftirlitið eða Ríkisendurskoðandi óskar eftir, veita allar nauðsynlegar upplýsingar til að sannreyna megi hvort Ríkisútvarpið uppfylli skyldur skv. 14. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005. Í því skyni skal Ríkisútvarpið koma upp nákvæmu verkþátta- og kostnaðargreiningarkerfi, þannig að hægt sé að skilgreina nákvæmlega kostnað við efnisgerð.

6. gr.


Kynning á starfsemi Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal á hverju ári taka á móti nemendum af fjölmiðlabrautum í framhaldsskólum og háskólum í starfskynningu til að kynna þeim starfsemi Ríkisútvarpsins.

7. gr.

Eftirlit ráðuneytisins og fundir um framkvæmd samningsins

Aðilar skulu koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári, til að fjalla um framkvæmd samnings þessa, þróun hans, fyrirhugaðar breytingar og markmið, m.a. þau sem birt eru í fylgiskjali III. Sé talin ástæða til annarra breytinga á samningi þessum koma þær fram í sérstökum viðauka.



Ráðuneytið getur sannreynt skýringar á rekstri og framkvæmd samnings með því að óska eftir frekari upplýsingum og gögnum þar að lútandi og veitir Ríkisútvarpinu þær svo fremi sem það skaðar ekki rekstrarskilyrði þess.

8. gr.
Gildistími


Gildistími samnings þessa er frá 24. maí 2011 til 31. desember 2015 og jafnframt fellur samningur frá 1. apríl 2007 úr gildi.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, 24. maí 2011


mennta- og menningarmálaráðherra,
Katrín Jakobsdóttir

F.h. Ríkisútvarpsins ohf.,


Svanhildur Kaaber,
formaður stjórnar


Páll Magnússon,
útvarpstjóri

Fylgiskjöl:


Fylgiskjal I: Kafli 24C.6.1. í leiðbeinandi reglum ríkisstyrkja- og samkeppnisdeildar Eftirlitsstofnunar EFTA um útværpsþjónustu í almannabágu, útgefið 23. apríl 2004.

Fylgiskjal II: Reglur um mat á útværpsþjónustu í almannabágu.

Fylgiskjal III: Umfang og töluleg markmið

Í fjárlögum fyrir árið 2011 fær Ríkisútvarpið 2.962 m.kr. í þjónustutekjur frá ríkinu vegna samningsins auk þess að afla annarra tekna og taka töluleg markmið sem lögð eru til grundvallar í fylgiskjali mið af þeirri forsendu. Töluleg markmið skulu endurskoðuð árlega með tilliti til áætlaðra tekna.

- Útsendingartímar miðla á ári í klst. Skýring: Sjónvarpsdagskrá skal að lágmarki vera send út í 10 klukkustundir á sólarhring eða 3.650 klst. á ári. Þá skal hljóðvarpsdagskrá beggja rása send út allan sólarhringinn eða 8.760 klst. á ári.
- Hlutfall, flokkun og uppruni efnis í hljóðvarpi og sjónvarpi, sbr. töflu hér að neðan.
- Menningarumfjöllun skal í hljóðvarpi og sjónvarpi að lágmarki vera samanlagt vera 2.500 klst. á ári.
- Útsendingartími fréttu. Skýring: Útsendingartími innlendra og erlendra fréttu skal ekki vera skemmri en samtals 500 klst. fyrir Rás 1, samtals 590 klst. fyrir Rás 2 og samtals 190 klst. fyrir sjónvarp.
- Íslenskt sjónvarpsefni. Skýring: Ríkisútvarpið skal leggja áherslu á íslenskt sjónvarpsefni og skal hlutfall þess á kjörtíma, á milli kl. 19 og 23 að lágmarki vera 45%. Sameiginlegt markmið samningsaðila er að hlutfall þess fari upp í 65% á samningstímanum en það helst í hendur við að tekjur Ríkisútvarpsins aukist.
- Íslenskt barnaeefni í sjónvarpi. Skýring: Íslenskt barnaeefni og talsett erlent barnaeefni fyrir yngsta aldurshópinn skal að lágmarki vera 550 klst. á ári.
- Íslenskt leikið dagskrárefni í hljóðvarpi og sjónvarpi.
- Útsending á íslenskri tónlist.
- Starfsemi Ríkisútvarpsins utan höfuðborgarsvæðisins.
- Verkefni sem Ríkisútvarpið hefur verið kaupandi eða meðframleiðandi að og hversu miklum fjármunum félagið hefur varið til þeirra. Skýring: Ríkisútvarpið er kaupandi eða meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildarmyndum eða öðru sjónvarpsefni og ver til þess að lágmarki 4,2% af þjónustutekjum frá ríkinu árið 2011, 5% árið 2012 og 6% árið 2013. Að auki ver Ríkisútvarpið að lágmarki 2,5% af þjónustutekjum frá ríkinu til útvistunar þ.m.t. talsetningar á barnaeefni. Sameiginlegt markmið samningsaðila er að hlutfallið haldist og fjárhæðin hækki í samræmi við hækkun þjónustutekna Ríkisútvarpsins.
- Sjónvarpsefni á Norðurlandamálum. Skýring: skal að lágmarki vera 5% af útsendu efni.
- Textun (innlends) dagskrárefnis. Skýring: Öll forunnin innlend dagskrá skal textuð á síðu 888 í Textavarpinu en með því að gera það eykst fjöldi textaðra klukkustunda úr 184 klst. í um 350 klst.
- Útsending á táknmáli. Skýring: Senda skal táknmálsfréttir út daglega og táknmálsúlka eftir því sem við verður komið, fyrir heyrnarlausu og heyrnarskerta viðburði er varða allan almenning og kalla á aukafréttatíma, svo sem blaða- og fréttamannafundi í



10

beinni útsendingu, útsendingar vegna hamfara, stórra þingviðburða og annars er kallar á rof á áður auglýstri dagskrá.

Í ársskýrslu skulu koma fram eftirfarandi lykiltölur tengdar dagskrá sjónvarps:

Útsent innlent efni (í klst. talið).

Útsent erlent efni (í klst. talið).

Heildarútsendingartími að lágmarki 3.650 klst.

Meðalútsendingartími á dag að lágmarki 10 klst.

Innlent efni (hlutfallslegt).

Erlent efni (hlutfallslegt).

Innlent efni á kjörtíma kl. 19-23 að lágmarki 45%.

Erlent efni á kjörtíma kl. 19-23.

Efni frá öðrum Norðurlöndum að lágmarki 5%.

Önnur Evrópulönd.

N-Ameríka (Bandaríkin og Kanada).

Aðrar heimsálfur.

Leikið efni (þar af íslenskt).

Skemmtiefni.

Listir, menning og vísindi.

Íþróttir (þar af hlutfallsleg skipting á útsendingartíma helstu íþróttagreina).

Fréttir og fréttatengt efni.

Barna- og unglingaefni.

Kynjahlutfall viðmælenda í fréttum og fréttatengdum þáttum.

Textun á síðu 888 að lágmarki allt forunnið efni.

Táknmálsfréttir að lágmarki alla daga.

Kaup á efni af sjálfstæðum framleiðendum aukist á samningstímanum og verði að lágmarki 8,5% af þjónustutekjum árið 2013. Það skiptist svo:

- nýsköpun 6,5% (4,2% árið 2011 og 5% árið 2012)
- útvistun þ.m.t. talsetningar á barnaefni 2,5%.

Í ársskýrslu skulu koma fram eftirfarandi lykiltölur tengdar dagskrá hljóðvarps:

RÁS 1


Samfélags- og dægurmál.

Skemmtiefni.

Trúmál.

Leikið efni.

Vísinda- og fræðsluefni.


11

Sígild / létt sígild tónlist.
Dægurtónlist.
Barna- og unglingaefni.
Tónlist, íslensk.
Fréttir og fréttatengt efni.
Auglýsingar.
Kynningar.

Meðalútsendingartími á sólarhring.

RÁS 2

Samfélags- og dægurmál.
Skemmtiefni.
Trúmál.
Leikið efni.
Vísinda- og fræðsluefni.
Sígild / létt sígild tónlist.
Dægurtónlist.
Barna- og unglingaefni.
Fréttir og fréttatengt efni.
Íþróttir (hlutfallsleg skipting á útsendingartíma helstu íþróttagreina).
Auglýsingar.
Kynningar.

Meðalútsendingartími á sólarhring.


Tónlist, íslensk.

Í ársskýrslu komi fram eftirfarandi lykiltölur tengdar vefnum:

Fjöldi heimsóknna á vef Ríkisútvarpsins.

Áður útsent efni sem er aðgengilegt á vefnum sé að lágmarki 8.320 klst. á ári (þar af frá Rás eitt 3.640 klst., frá Rás tvö 3.640 klst. og frá sjónvarpi 1.040 klst.)

Dreifikerfi Ríkisútvarpsins sjónvarps og hljóðvarps ná til alls landsins.


12